



Vestnorræna víddin í alþjóðavæðingu Norðurslóða

**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 30 ára afmælisfundi
Vestnorræna ráðsins
Þórshöfn, Færeyjum
11. ágúst 2015**

Lögmaður Færeyja
Formaður landsstjórnar Grænlands
Forsætisráðherra Íslands
Heiðruðu þingmenn
Kæru vinir

Þjóðirnar þrjár í vestanverðu Atlantshafi, útverðir norrænnar samvinnu, eru tengdar sterkum böndum, eiga sameiginlegar rætur í sögu fyrri alda og harðri lífsbaráttu kynslóðanna; standa nú á merkum tímamótum þegar öll helstu forysturíki í efnahagsmálum heimsins hafa öðlast formlegan sess í samstarfi og ákvörðunum um framtíð Norðurslóða.

Víðernin á norðurhluta jarðarinnar og hafsvæðin sem tengja þau saman hafa á þessari nýju öld öðlast mikilvægi sem fyrir fáeinum áratugum, hvað þá fyrr, hefði verið óhugsandi. Þetta eru þáttaskil sem færa okkur – Færeyingum, Grænlendingum og Íslendingum – í senn ríka ábyrgð og fjölda tækifæra. En þá skiptir líka máli að við vöndum okkur og berum gæfu til að nýta vináttu okkar, gagnkvæmt traust og sameiginlega reynslu til að efla samstöðuna; skiljum styrkinn sem felst í nánnum tengslum og trúnaði; einkum þegar völdugustu ríki heims, fyrirtæki þeirra, stjórnvöld og stofnanir, vilja nú gerast athafnasöm á heimavelli okkar, svæðinu sem áður skóp okkur einangrun en er nú komið í brennidepil nýrrar heimsmyndar.

Samstarf þjóðþinga okkar, kjörinna fulltrúa lýðræðislegra samfélaga, á vettvangi Vestnorræna ráðsins í þrjátíu ár, er í þessum efnum traust undirstaða og grundvöllur til að fjölga enn frekar verkefnum, skýra og skilja sameiginlega hagsmuni, móta stefnu í þágu fólksins sem falið hefur þingmönnum umboð.

En Vestnorræna ráðið og samstarf stjórnvalda í löndunum þremur sækir ekki aðeins styrk í hina lýðræðislegu samræðu; saga okkar og lífsbarátta fólksins á fyrri tíð, glíman við hafið og óblíð öfl náttúrunnar, eru líka efniviður í sameiginlegan reynslubanka þegar við göngum til móts við þessa nýju framtíð.

Við getum rakið tengsl okkar til siglinga víkinganna fyrir meira en þúsund árum, þegar þeir námu land hér í Færeyjum og á Íslandi og héldu svo til fundar við frumbyggjana á Grænlandi. Það snart mig djúpt að skynja þennan nið aldanna, hinnar sameiginlegu sögu, í hátíðarhöldunum í Brattahlíð á Grænlandi árið 2000 sem vinur okkar Jonathan Motzfeldt stýrði af reisu. Það var líka minnisstætt að geta svo nokkrum árum síðar hér í Færeyjum rætt við gamla sjómenn sem siglt höfðu á skútum til Íslands, komið oft til Vestfjarða á tímum bernsku minnar.

Við vorum líka lengi þegar í sama konungsríki; arfleifð sem færði okkur tungumálið sem ég nota í þessari ræðu, en þjóðtungur okkar þrjár eru líka hljómfögur mál, ríkar að blæbrigðum, ljóðum og texta. Við höfum, hver á sinn hátt, þróað stjórnkerfi byggt á sérstökum rétti, forræði fólksins við mótun eigin framtíðar; reynsla sem er öðrum mikilvægt fordæmi, einkum þegar ljóst er að framtíð Norðurslóða verður í ríkum mæli að byggjast á aukinni sjálfstjórn íbúanna, lýðræðislegum rétti fólksins, hvað sem líður formlegri stöðu innan einstakra ríkja.

Allt er þetta mikilvægt þegar við glímum við verkefni sem hin nýja heimsmynd norðursins færir okkur, efniviður í samvinnu sem getur skipt sköpum eigi okkar litlu þjóðir að ná varanlegum árangri.

Það er á vissan hátt merkileg örlög að fámenn samfélög í vestnorðri, afkomendur fiskimanna og bænda í Færeyjum, Íslandi og Grænlandi, séu nú sest að ákvarðanaborðum með fulltrúum forysturíkja í Asíu og Evrópu, þurfi að móta framtíð Norðurslóða ásamt Bandaríkjunum, Kanada, Rússlandi og öðrum aðildarríkjum Norðurskautsráðsins.

Það er vitnisburður um þennan nýja alþjóðlega veruleika að rúmlega 1.500 þátttakendur frá yfir 40 löndum sækja þing Arctic Circle sem haldin eru í Reykjavík. Nú í október mun François Hollande forseti Frakklands flytja opnunarræðu þingsins og bæði Xi Jinping forseti Kína og Angela Merkel kanslari Þýskalands munu fela sérstökum sendinefndum sínum að kynna á þinginu sýn þessara forysturíkja á

fram tíð Norðurslóða. Forseti Bandaríkjanna Barack Obama mun svo eftir tæpar þrjár vikur lýsa stefnu sinni á sérstökum fundi utanríkisráðherra Norðurskautsríkjanna og fleiri ríkja sem John Kerry boðar til í Alaska.

Við erum vitni að sögulegum þáttaskilum, nýjum sessi Norðurslóða í veröldinni; fréttir af nýjum viðburðum og ákvörðunum í sérhverjum mánuði. Við sjáum í mótun nýja heimsmynd sem orðin er athafnavöllur hinna vestnorrænu þjóða. Samvinna okkar, sem fyrir 30 árum var kannski fyrst og fremst ætlað að vera fyrir okkur sjálf, hefur nú öðlast gildi á veraldarvísu.

Því er brýnt að skerpa skilning á hinni vestnorrænu vídd, skilning okkar og allra annarra, hinna fjölmörgu hvaðanæva úr veröldinni sem nú sækja á Norðurslóðir, styrkja vitund um sérstöðu þjóðanna þriggja, hinnar vestnorrænu víddar í fram tíð Norðurslóða.

Í fyrsta lagi hefur hið stóra hafsvæði í nágrenni okkar á Norður-Atlantshafi ásamt legu Grænlands, Íslands og Færeyja, skapað okkur nýtt heimspólítískt – geopólítískt – mikilvægi, gert okkur að eins konar miðju í hinu Nýja norðri, þeim hluta jarðar sem nær frá Alaska, yfir Kanada, Norður-Atlantshafið og löndin okkar þrjú, norðurhluta Noregs, Svíþjóðar og Finnlands sem og Norður-Íshafið og hið stóra Rússland sem teygir sig yfir fjölda tímabelta.

Til nánari skilnings mætti flokka Norðurslóðir í þrennt: vesturhlutann sem telur Alaska og Kanada; austurhlutann sem nær yfir norðursvæði Skandinavíu og Rússlands; og svo miðjuna sem vestnorrænu löndin þrjú og hafsvæðin í kringum okkur mynda.

Þegar allur norðurhluti jarðarinnar hefur öðlast nýjan sess varðandi siglingar, nýtingu auðlinda og loftslagsbreytingar, þá gefur hinn miðlægi sess Grænlands, Íslands og Færeyja okkur stöðu sem áriðandi er að skilja og skilgreina; geopólítískt vægi sem áður var algjörlega óhugsandi.

Í öðru lagi búa vestnorrænu þjóðirnar að langri reynslu í fiskveiðum og nýtingu auðlinda hafsins, en fram tíð sjávarútvegs er grundvallarþáttur í stefnumótun ríkjanna á Norðurslóðum; auðlindirnar líka eftirsóknarverðar fyrir ríki sem vilja sigla skipum sínum langar leiðir til að nýta þær. Fiskistofnarnir á Norðurslóðum verða sífellt verðmætari, bæði vegna hreinleika hafsins og þess hve erfitt hefur reynst í öðrum heimshlutum að vernda slíkar auðlindir; sérstaða okkar á heimsvísu verður æ skýrari. Fiskveiðar vestnorrænu þjóðanna, reynsla í sjávarútvegi og virðing okkar fyrir hafinu og eiginleikum þess skiptir hér miklu máli, gerir málflutning okkar um verndun og skipulag veiða að brýnu erindi í alþjóðlegum samræðum. Ólíkt öðrum þjóðum, sem nú vilja gera sig

gildandi á Norðurslóðum, hafa fiskveiðar ríkulega mótað menningu okkar, sögu og lífsviðhorf. Við erum umfram aðra fólk hafsins.

Í þriðja lagi eru á forræði okkar margar aðrar auðlindir sem verða sífellt verðmætari í hagkerfi 21. aldarinnar; jafnvel svo að ýmis forysturíki í efnahagslífi heimsins telja brýnt að þróa aðgang að þeim; viðfangsefni sem kallar á auknar rannsóknir og þekkingu, og á samráð um hvernig hinir smáu geta haldið sínu til jafns við sókn hinna stóru.

Í fjórða lagi eru samfélög Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga dæmi um hvernig sívaxandi sjálfstjórn íbúa Norðurslóða verður stig af stigi grundvöllur lýðræðislegra ákvarðana, vegvísar sem samfélög frumbyggja og annarra íbúa Norðurslóða geta nýtt sér á ýmsan hátt.

Saga vestnorrænu þjóðanna er vitnisburður um getu hinna smáu samfélaga til að ráða æ meiru um örlög sín og sú lýðræðislega vídd er mikilvægt framlag til árangursríkrar framtíðar Norðurslóða; á bæði erindi til allra sem búa þar og hinna sem á næstunni munu koma á vettvang.

Í fimmta lagi er virðingin fyrir náttúrunni samgróin sögu okkar, menningu og sjálfsvitund, verndun umhverfisins mótuð af lærdómum og lífsvisku kynslóðanna, á sér dýpri rætur en tískustraumar á alþjóðavettvangi stjórnmalanna. Við þurfum að miðla þessari vestnorrænu sýn á náttúruna til allra þeirra sem vilja gera sig gildandi á Norðurslóðum; gera hana að kjölfestu í samskiptum og ákvörðunum enda er hún líka dýrmætt framlag til alþjóðlegrar baráttu gegn hrikalegri umturnun á loftslaginu. Hún er á vissan hátt sérstaða sem getur skapað hinum vestnorrænu þjóðum og þingum þeirra áhrifaríka rödd.

Í sjötta lagi berum við ríkulegt traust hvert til annars. Samstarf vestnorrænu þjóðanna og kjörinna fulltrúa þeirra hvílir á gagnkvæmri virðingu, vináttu og samkennd, eiginleikum sem ættu að vera fordæmi fyrir alla þá sem vilja láta til sín taka á Norðurslóðum, eiginleikum sem eru farsælar undirstöður árangurs.

Hin gamalgrónu tengsl okkar eru annarrar ættar en þeir hagsmunir sem almennt tengja ríki saman. Við erum á vissan hátt hin vestnorræna fjölskylda sem nú þegar og enn frekar á komandi árum þarf saman að taka á móti æ fleirum sem sókndjarfir koma í hlað Norðurslóða.

Allir þessir þættir, hinar margslungnu vestnorrænu víddir í vaxandi samstarfi á Norðurslóðum, hafa fært okkur í senn fjölmörg ný verkefni, tækifæri og ríkulega ábyrgð. Árangur okkar mun skipta miklu, ekki aðeins fyrir þjóðirnar þrjár heldur líka fyrir stöðu Norðurslóða í framtíð jarðar.

Í þeirri för verður vinátta okkar og rótgróið traust dýrmætt veganesti.

Með þessum orðum óska ég Vestnorræna ráðinu til hamingju með þessi merku tímamót og farsællar vegferðar í framtíðinni.